

Halli á viðskiptajöfnuði 31,1 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi 2021 – hrein staða við útlönd jákvæð um 36,6% af landsframleiðslu

Á öðrum ársfjórðungi 2021 var 31,1 ma.kr. halli á viðskiptajöfnuði við útlönd. Það er 8,3 ma.kr lakari niðurstaða en ársfjórðunginn á undan og 24,8 ma.kr. lakari en á sama fjórðungi árið 2020. Halli á vöruskiptajöfnuði var 55,7 ma.kr. en 25,2 ma.kr. afgangur var af þjónustujöfnuði. Frumþáttatekjur skiluðu 7,1 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 7,6 ma.kr. halla (sjá töflu 1).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á öðrum ársfjórðungi 2021 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Tafla 1. Greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2020/2</u>	<u>2020/3</u>	<u>2020/4</u>	<u>2021/1</u>	<u>2021/2</u>
Viðskiptajöfnuður	-6,3	0,8	22,2	-22,8	-31,1
Vöruskiptajöfnuður	-19,6	-32,1	-15,6	-21,0	-55,7
Þjónustujöfnuður	2,2	19,9	25,9	-7,4	25,2
Jöfnuður frumþáttatekna	18,2	14,6	20,3	13,3	7,1
Rekstrarframlög, nettó	-7,1	-1,7	-8,4	-7,6	-7,6
Jöfnuður fjárframlaga	-0,5	-0,3	-0,9	-0,7	-0,8
Fjármagnsjöfnuður	47,9	59,1	14,0	18,0	16,3
Bein fjárfesting	32,3	15,2	8,3	43,6	24,5
Verðbréf	-21,5	89,5	49,7	-124,1	29,3
Afleiður	6,6	-2,1	-0,8	-0,9	2,6
Önnur fjárfesting	-44,1	19,6	9,0	20,4	-53,4
Gjaldeyrisforði	74,7	-63,0	-52,2	79,0	13,4
Skekkjur og vantalið, nettó	54,7	58,6	-7,3	41,4	48,2

Lakari niðurstaða viðskiptajafnaðar en á sama ársfjórðungi árið 2020 skýrist aðallega af óhagstæðari vöruviðskiptum² um sem nemur 36,1 ma.kr. Munar þar mest um 70,2 ma.kr. meira verðmæti innfluttrar vöru en verðmæti útfluttrar vöru jókst minna, eða um 34,1 ma.kr. Þjónustuviðskipti voru hagstæðari um sem nemur 23 ma.kr.

¹ Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á www.seðlabanki.is

² [Sjá á vef Hagstofunnar.](#)

Frumþáttatekjur voru 11,1 ma.kr. óhagstæðari og halli rekstrarframlaga jókst lítillega eða um 0,5 ma.kr.

Í lok ársfjórðungsins var hrein staða við útlönd jákvæð um 1.120 ma.kr. eða 36,6% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði um 79 ma.kr. eða 2,6% af VLF á fjórðungnum. Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.566 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 3.445 ma.kr. Hrein fjármagnsviðskipti bættu erlenda stöðu þjóðarbúsins um 16 ma.kr. á fjórðungnum en erlendar eignir hækkuðu um 15 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta en skuldir lækkuðu um 2 ma.kr. Virði eigna hækkaði á ársfjórðungnum um 78 ma.kr. vegna gengis- og verðbreytinga og skulda um 1 ma.kr. Gengis- og verðbreytingar bættu því hreina erlenda stöðu um 78 ma.kr. Verð á erlendum verðbréfamörkuðum hækkaði um tæp 8% milli fjórðunga og verð á bréfum á innlendum hlutabréfamarkaði um 9,4%. Gengi krónunnar hækkaði um 1,5% miðað við gengisskráningarvog.

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok 2021/1	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok 2021/2
Erlendar eignir, alls	4.487	15	78	-14	4.566
Bein fjárfesting	788	12	-11	-8	780
Verðbréf	2.254	14	109	0	2.378
Afleiður*	8	-5	5	0	8
Önnur fjárfesting	580	-20	-10	-5	544
Gjaldeyrisforði	857	13	-15	0	856
Erlendar skuldir, alls	3.445	-2	1	1	3.445
Bein fjárfesting	1.031	-13	-10	-6	1.002
Verðbréf	1.567	-15	11	0	1.564
Afleiður*	10	-7	9	0	12
Önnur fjárfesting	837	33	-9	6	868
Hrein staða þjóðarbúsins	1.041	16	78	-15	1.120
% af VLF	34,1%	0,5%	2,5%	-0,5%	36,6%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Flokkun fyrirtækja í eigu hins opinbera hefur verið endurskoðuð til samræmis við flokkun stofnanaeininga í þjóðhagsreikningum³. Áhrif þessa gæti á töflu um erlendar skuldir þjóðarbúsins þar sem skuldir flytjast frá geira annarra fjármálafyrirtækja yfir í geira hins opinbera. Við þetta aukast skuldir hins opinbera um 4,2 ma.kr. eða 0,1% af VLF miðað við virði í lok annars ársfjórðungs 2021. Í tímaröðinni *Erlendar skuldir* á [hagtölusíðu Seðlabankans](#) eru skuldir fyrirtækja í eigu hins opinbera sundurliðaðar frá ríkissjóði.

³ Sjá, <https://hagstofa.is/utgafur/utgafa/thjodhagsreikningar/flokkun-stofnanaeininga-i-thjodhagsreikningum/>